



Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar

Skýrsla

Greinargerð um innra mat leikskóla

Efnisyfirlit

- Innra mat leikskóla	3
- Innra mat – Matsáætlun	4
- Gæðaviðmið leikskóla	6
- Námsárangur barna	10
- Viðhorf og líðan barna	11
- Viðhorf og líðan starfsfólks	11
- Viðhorf foreldra	12
- Menntastefna og stefna leikskólans	12
- Umbótaáætlun	12

Greinargerð

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar,
27.08.2025



Innra mat leikskóla

Inngangur

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir og er hér kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og barnamála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.

Innra mat veitir einnig upplýsingar um starfshætti leikskólans, stuðlar að umbótum og auknum gæðum og er líður í þróun leikskólastarfsins. Með innra mati sést hvað gengur vel og hvað má bæta.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd innra mats í leikskólanum og fylgir eftir umbótum sem byggðar eru á niðurstöðum þess. Mikilvægt er að sem flestir hagaðilar; starfsfólk, foreldrar og börn komi að matinu með einhverjum hætti. Niðurstöður innra mats ásamt umbótaáætlun er aðgengileg með þessari skýrslu.

Um innra mat leikskólans

Leikskólinn notast við gæðakerfið BravoLesson við innra mat. Starfsmenn skólans vinna að sjálfsmati í minni hópum á starfsmannafundum. Hver hópur ígrundar atriðin sem lögð eru fyrir til mats hverju sinni og gefa þeim einkunnir skv. einkunnaskalanum sem fylgir gæðaviðmiðum í BRAVOLesson:

- *Framúrskarandi; Verklag öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði.
- A – Mjög gott; Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
- B – Gott; Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- C – Ábótavant; Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
- D – Óviðunandi; Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Matsteymi leikskólans fer yfir niðurstöður og kemur sér saman um eina heildareinkunn sem gefin er fyrir tiltekin matsþátt sem liggur fyrir til mats. Í matsvinnunni er aðalatriðið að styrkleikar og þeir þættir sem þarfnast úrbóta séu dregnir fram, rökstuddir og skráðir.

Starfsfólki er boðið upp á þrjú starfsmannasamtöl yfir skólaárið. Hvert samtal hefur ákveðin markmið og lykilspurningar sem stjórnandi og starfsmaður fara yfir og finna leiðir til úrbóta sé þess þörf. Almennar niðurstöður eru teknar saman, styrkleikar og umbætur lagðar fram. Samtalsramma má sjá í viðauka í Ársskýrslu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar 2024-2025.

Almenn foreldraviðtöl eru haldin tvisvar yfir skólaárið, annars vegar í október og hins vegar í mars/apríl. Foreldrar geta ávallt óskað eftir að hitta starfsfólk utan skipulagðra foreldraviðtala. Fyrir foreldraviðtöl fara fram skráningar á líðan og þroska barna í leikskólanum. Framfarir í þroska barna eru metnar með skipulögðum hætti í gegnum alla leikskólagöngu þeirra og eru niðurstöðurnar notaðar til að bæta skipulag og aðferðafræði leikskólans. Við leikskólann starfa sálfræðingur og talmeinafræðingur í verktöku sem aðstoða við og útfæra mat á þroska barna ef um frávík er að ræða. Dæmi um tæki til að meta þroska barna eru; Hljóm-2, Íslenski þroskalistinn, Íslenski smábarnalistinn, Orðaskil, AEPS, TRAS, MIO og þroskalisti sem útbúinn hefur verið í leikskólanum til að skoða alhliða þroska barna. Í foreldraviðtölunum gefst foreldrum einnig tækifæri til að koma að skipulagi skólastarfsins.

Við athugun á þroska, námi og velferð barna er lögð áhersla á að skoða:

- Alhliða þroska
- Sjálfstæði
- Áhugasvið
- Þátttöku í leik úti og inni
- Félagsfærni og samkennd
- Frumkvæði og sköpunarkraft
- Tjáningu og samskipti

Þessir þættir eru lagðir til grundvallar í foreldraviðtölum. Almennar niðurstöður samtalana eru teknar saman, styrkleikar og umbætur lagðar fram.

Í leikskólanum á hvert barn sína ferilmöppu þar sem safnað er saman verkum, verkefnum, ljósmyndaskráningum, námsgögnum og því sem hægt er að nota við mat á þroska, námi og velferð. Börnin fá einnig að velja annað sem þau vilja e.t.v. bæta í þeirra ferilmöppur. Við lok leikskólagöngu fær hvert barn sína ferilmöppu afhenta til eignar.

Brokarlamat er lagt fyrir tvo elstu árganga leikskólans. Markmið með matinu er að kanna líðan barna á miðjum vetri með því að gefa þeim tækifæri til að koma skoðunum sínum á starfi leikskólans á framfæri. Niðurstöður eru skoðaðar út frá hverjum einstaklingi, en einnig er heildarniðurstaða hópsins tekin saman og eru niðurstöður hér fyrir neðan út frá hópnum. Ef yfir 30% barna velja fýlukall í einhverjum aðstæðum er sá þáttur skoðaður með tilliti til breytinga til að bæta líðan barna.

Innra mat – Matsáætlun

Matsáætlun um innra mat

Hér fyrir neðan má finna matsáætlun leikskólans til næstu fimm ára, ásamt viðmiði á mati fyrir hvern matsþátt fyrir neðan.

Matsáætlun leikskólans

Stjórnun	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
1.1 Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi				X	
1.2 Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur				X	
1.3 Faglegt samstarf				X	
1.4 Leikskólaþróun og símenntun				X	
1.5 Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur				X	

Uppeldis- og menntastarf	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
2.1 Skipulag náms og námsaðstæður	X				
2.2 Uppeldi, menntun og starfshættir	X				
2.3 Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	X				
2.4 Námssvið leikskólans	X				
2.5 Leikskóli án aðgreiningar / leikskóli margbreytileikans	X				
2.6 Mat á námi og velferð barna	X				

Mannauður	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
3.1 Hlutverk leikskólakennara		X			
3.2 Framkvæmd		X			
3.3 Umbætur		X			

Leikskólabragur	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
4.1 Viðmót og menning			X		
4.2 Velferð og líðan barna			X		
4.3 Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun		X			
4.4 Viðhorf foreldra		X			

Innra mat	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
5.1 Skipulag og viðfangsefni			X		
5.2 Gagnaöflun og vinnubrögð			X		
5.3 Opinber birting og umbætur			X		

Námsárangur barna	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
Foreldraviðtöl	X	X	X	X	X
Ferilmöppur	X	X	X	X	X

Viðhorf og líðan	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
Starfsmannakönnun Skólapúlsins		X		X	
Foreldrakönnun Skólapúlsins		X		X	
Starfsmannasamtöl	X	X	X	X	X
Broskarlamat	X	X	X	X	X

Menntastefna og stefna leikskólans	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
Menntastefna Hvalfjarðarsveitar 2022-2030	X	X			
Skólanámskrá Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar	X				

Matsþáttur:	Viðmið á mati:
Kynningarfundir á leikskólastarfi vetrarins fyrir foreldra að hausti	Foreldrar fá kynningu á deildarstarfi og áherslum vetrarins (deildarnámskrá / skólanámskrá). Mæting foreldra.
Foreldraviðtöl	Einstaklingsmiðað samtal á þroska, framförum og líðan hvers barns. Helstu niðurstöður teknar saman. Tekið er mið af ábendingum um það sem betur má fara og sett í umbótaáætlun.
Leiðbeiningasamtöl á milli deildarstjóra og starfsmanna	Einstaklingsmiðað mat. Engar niðurstöður hóps teknar saman.
Starfsmannasamtöl	Einstaklingsmiðað mat. Helstu niðurstöður teknar saman. Tekið er mið af ábendingum um það sem betur má fara og sett í umbótaáætlun.
Starfsáætlun	Erum við að gera það sem við segjumst ætla að gera?
Símenntunaráætlun starfsmanna	Erum við að gera það sem við segjumst ætla að gera?
Gátlisti og markmið Grænfánaverkefnis	Erum við að gera það sem við segjumst ætla að gera?
Mat barna á skólafinu	Einstaklingsmiðað mat. Helstu niðurstöður teknar saman. Ef yfir 30% barna velja fýlukall í einhverjum aðstæðum er sá þáttur skoðaður með tilliti til breytinga til að bæta líðan barna.
Nándarhringurinn	Einstaklingsmiðað mat. Hvaða börnum þarf ég að gefa meiri tíma / reyna að nálgast meira? Tekið fyrir á deildarfundum og brugðist við heildrænt ef einhver börn eru ekki í innsta hring hjá neinum. Hvaða börn þarf starfsfólk að gefa meiri tíma/nánd?
Starfsmannakönnun skólapúlsins / velferðar- og fræðslunefnd	Niðurstöður teknar saman. Lagðar fyrir starfsfólk. Ef niðurstöður eru marktækt verr en landsmeðaltal er þörf á umbótum. Mögulega eru gerðar umbætur á fleiri þáttum telur starfsfólk þörf á.
Foreldrakönnun skólapúlsins / velferðar- og fræðslunefnd	Niðurstöður teknar saman. Lagðar fyrir starfsfólk. Ef niðurstöður eru marktækt verr en landsmeðaltal er þörf á umbótum. Mögulega eru gerðar umbætur á fleiri þáttum telur starfsfólk þörf á.

Gæðaviðmið leikskóla

Stuttur texti um þá kafla sem voru metnir

Við mat á skólafarfinu var unnið út frá matsaðferðinni Barnið í Brennidepli sem er heildstætt matstæki. Á haustdögum 2024 var samið við BravoLesson sem er Gæðakerfi fyrir skóla. Með því gerum við innramatið notendavænna fyrir starfsfólk og auðveldar úrlestur. Kerfin eru ekki eins sett upp og þurfti því að gera breytingar á áætluninni. Breytt áætlun má sjá hér fyrir neðan og það sem tekið var út er yfirstrikað.

Áherslur skólaársins í Barni í brennidepli 2024-2025 voru að meta:

Lykilþáttur 3: Nám í gegnum leikinn

Árangursvísir 3.1 Gæði náms í gegnum leikinn

Árangursvísir 3.2 Samskipti barna og starfsfólks

Árangursvísir 3.3 að mæta þörfum barnanna

Árangursvísir 3.4 Mat og gagnasöfnun

Lykilþáttur 4: Stuðningur við börn og fjölskyldur

Árangursvísir 4.1 Samræmt uppeldisstarf

Árangursvísir 4.2 Samræmi uppeldis og menntunar

Árangursvísir 4.3 Stuðningur í uppeldi og námi

Árangursvísir 4.4 Stuðningur við börn með sérþarfir

Skólaárið 2024-2025 voru eftirfarandi gæðaviðmið metin:

Gæðaviðmið 2 - Uppeldis- og menntastarf

2.1 Skipulag náms og námsaðstæður

Viðmið um gæðastarf: Í leikskólanum er velferð og hagur barna leiðarljós í öllu starfi. Leikskólahúsnæði og útileik- svæði tekur mið af ólíkum þörfum barna og veitir þeim tækifæri til náms í gegnum leik. Náms-umhverfið er fjölbreytt og hvetjandi og skipulagt út frá markmiðum starfsins. Umhverfi leikskólans er reglulega nýtt fyrir nám. Börn og starfsfólk búa við öruggt, hollt og vistvænt umhverfi. Skipulag húsnæðis gefur kost á samskiptum og samstarfi allra í leikskólafarfinu. Gert er ráð fyrir rými til að veita sérfræðipjónustu þegar á þarf að halda. Vinnuaðstaða fyrir starfsfólk er góð. Fjölbreytt úrval af leik- og námsefni er til staðar. Það höfðar til mismunandi skynjunar og er í senn hvetjandi og krefjandi. Leik- og námsefni er aðgengilegt, í góðu ástandi og endurspeglar áherslur leikskólans. Það hentar mismunandi þörfum og áhugasviðum barna og endurspeglar margbreytileika. Leik- og námsefni er endurmetið reglulega. Í skipulagi og viðfangsefnum leikskólafarfsins er stuðlað að alhliða þroska og menntun barna. Dagskipulag liggur fyrir og hlutverk starfsfólks í því er skýrt. Börnin fá tækifæri til að vera athafnasöm og hvílast yfir daginn. Þau eiga möguleika á vali og gott jafnvægi er milli frjálsra leikja og athafna sem skipulagðar eru af starfsfólki. Dagskipulag mætir þörfum allra barna.

2.2 Uppeldi, menntun og starfshættir

Viðmið um gæðastarf: Í leikskólanum fer nám barna fram í frjálsum og skipulögðum leik og í skapandi starfi. Börnin njóta fjölbreyttra náms- og uppeldiskosta og komið er fram við þau sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans. Uppeldi og menntun fléttast saman og vel er stutt við námshvöt barnanna, sjálfspottnar athafnir og áhuga. Börnin fá viðfangsefni við hæfi og eru hvött til þátttöku í því sem leikskólafarið hefur upp á að bjóða. Leik barna er gefið nægilegt rými og þau fá samfelldan tíma til þess að þróa leik sinn og dýpka. Skipulagt starf er ígrundað, krefjandi og tekur tillit til þarfa, reynslu og áhugasviðs hvers barns. Stærð hópa miðast við að hver einstaklingur fái notið sín. Starfsfólk18 á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin og myndar tengsl við þau í gegnum leik. Það grípur þau tækifæri sem gefast til að kveikja áhuga barna og styðja við nám þeirra. Starfsfólkið styður við og eflir jákvæð samskipti í leik.

2.3 Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Viðmið um gæðastarf: Leikskólinn stuðlar að jafnrétti og virkri þátttöku barna. Lýðræðisleg gildi eru í hávegum höfð. Litið er á börnin sem samstarfsaðila og sjónarmið þeirra eru virt í ákvörðunum um leikskólafarið. Starfsfólk er börnum fyrirmynd í lýðræðislegum starfsháttum og börnum eru sköpuð tækifæri til að þróa færni sína í lýðræðislegum vinnubrögðum. Réttlæti og virðing einkenna samskipti, öll börn fá tækifæri til að tjá sig og eru hvött til þess. Leitað er eftir skoðunum þeirra, þær ræddar og tillit tekið til þeirra. Samfélagsvitund og gagnrýnin hugsun barna er eflid. Börnin fá jöfn tækifæri til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni. Börnin taka þátt í fjölbreyttum verkefnum sem auka forvitni þeirra og áhuga. Verkefnin hvetja til rannsókna og ígrundunar þannig að sköpunarkraftur barnanna og ímyndunarafl fái notið sín. Börnin taka þátt í verkefnum og leik af áhuga og gleði.

2.4 Námsvið leikskólans

Viðmið um gæðastarf: Starfið endurspeglar að unnið er markvisst með námssvið leikskólans: samskipti og læsi í viðum skilningi, heilbrigði og vellíðan, menntun til sjálfbærni og vísindi, sköpun og menningu. Námsviðin eru samþætt daglegu starfi og eru hluti af leik barnsins. Börnin fá tækifæri til að tjá sig á fjölbreyttan hátt og öðlast skilning á að ritað mál og tákn hafi merkingu. Þau eiga í uppbyggilegum samskiptum og þróa hæfni til að lesa í umhverfi sitt. Þau læra að bera virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þróa með sér samkennd, tillitsemi og vináttu. Börnin njóta útiveru, fjölbreyttrar hreyfingar, hvíldar og hollrar næringar. Þau læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollustu og hreinlæti. Lögð er áhersla á alhliða velferð og vellíðan hvers og eins, jákvæð samskipti og félagsleg tengsl. Börnin læra að bera virðingu og umhyggju fyrir náttúru og umhverfi sínu og fá tækifæri til að upplifa og njóta. Þau fást við verkefni sem vekja forvitni þeirra og hvetja til gagnrýnnar hugsunar, rannsókna og kannana. Börnin fá tækifæri til að móta, miðla, búa til, skapa og tjá sig með fjölbreytilegum hætti. Þau fá tækifæri til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða. Menning og listir eru samofin leikskólafarfinu og börnin fá tækifæri til að njóta þeirra.

2.5 Leikskóli án aðgreiningar / leikskóli margbreytileikans

Viðmið um gæðastarf: Í leikskólanum ríka jákvæð viðhorf til margbreytileikans. Áhersla er lögð á að viðurkenna og virða hvert barn og byggja á styrkleikum þess. Lögð er áhersla á forvarnarskólafarið til að stuðla markvisst að velferð barna. Þau fá jöfn tækifæri í leik og námi og eiga öll hlutdeild í leikskólafarfinu. Í leikskólanum er réttur allra barna til leiks og menntunar virtur og starfshættir taka mið af hugmyndafræði

náms án aðgreiningar. Börn sem þurfa sérstakan stuðning fá hann innan leikskólans. Snemmtæk íhlutun er höfð að leiðarljósi. Unnið er markvisst eftir viðurkenndum aðferðum og leikur er virtur sem megin námsleið barna. Ákvörðun um sérstakan stuðning er tekin í samráði við foreldra, starfsfólk og sérfræðipjónustu²¹, eftir því sem við á. Stuðningurinn fer fram í leikskólanum í nánú samstarfi við foreldra og undir handleiðslu frá sérfræðipjónustu. Starfsfólk með viðeigandi sérþekkingu starfar innan leikskólans, það skipuleggur og leiðir stuðning, mat og eftirfylgni og miðlar þekkingu sinni innan leikskólans og til foreldra. Starfsfólk skilur ólíkar þarfir barna, virðir þau og viðurkennir sérstöðu þeirra. Það vinnur saman og deilir ábyrgð á námi og velferð barnanna.

2.6 Mat á námi og velferð barna

Viðmið um gæðastarf: Í leikskólanum er fylgst með alhliða þroska barna, námi þeirra, velferð og færni. Upplýsingaöflun er reglubundin, markvisst og samofin daglegu starfi leikskólans og felur í sér skipulagningu, skráningu, mat og ígrundun. Leikskólinn notar fjölbreyttar aðferðir við að meta nám og stöðu barna og hefur mótað sérstakt vinnulag þar um sem fjallað er um í skólanámskrá. Matið er einstaklingsmiðað og unnið í samstarfi leikskóla, foreldra og barna eftir því sem við á. Á grundvelli matsins er áframhaldandi nám skipulagt og séð er til þess að öll börn fái menntun, uppeldi og umönnun við hæfi. Staða barna sem kunna að þurfa sérstakan stuðning er metin með viðeigandi og viðurkenndum matstækjum og skimunum í samráði við foreldra. Leitað er til sérfræðipjónustu sveitarfélagsins eftir greiningu, ráðgjöf og fræðslu þegar foreldrar og starfsfólk telja þess þurfa. Gætt er að trúnaði og öruggri varðveislu upplýsinga.

Niðurstöður

Styrkleikar

Skipulag náms og námsaðstæður

- Möguleikar húsnæðis og útileiksvæðis til leiks og náms eru nýttir.
- Umhverfi leikskólans er nýtt til þekkingarleitar (útinám, gönguferðir o.s.frv.).
- Dagskipulag er endurmetið reglulega til að mæta þörfum barnanna.
- Í dagskipulagi er jafnvægi á milli frjálsra leikja og skipulagðra athafna.
- Í dagskipulagi er jafnvægi milli rólegra og fjörugra athafna.

Uppeldi, menntun og starfshættir

- Skipulögð viðfangsefni og leikur tekur mið af hæfileikum og námsþörfum barna.
- Svigrúm er til að mæta hreyfiþörf barna í leik og samskiptum.
- Umhyggja einkennir samskipti starfsfólks við börn.
- Starfsfólk notar virka hlustun í samskiptum við börn.
- Starfsfólk nýtir daglegar athafnir til náms og samskipta.
- Starfsfólk bregst við og nýtir viðbrögð og áhuga barna.
- Á meðan á verkefnum stendur þróar starfsfólk þau eftir þörfum.
- Námsleiðir henta vel þörfum og færni hvers barns.
- Starfsfólk leiðbeinir og tekur þátt í leik barna þegar það á við.
- Starfsfólk á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börn og myndar tengsl við þau í gegnum leik.
- Starfsfólk hefur yfirsýn og gætir þess að hvert barn fái að njóta sín.

Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

- Börnin hafa áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda (hópastarf, valstund, samveru o.s.frv.).
- Börnin eru hvött til að deila reynslu sinni, hugmyndum og tilfinningum.
- Starfsfólk er tilbúið að hlusta á börnin, ræða við þau og virða sjónarmið þeirra.
- Leitað er eftir hugmyndum barna og þau studd í að útfæra og framkvæma þær.
- Börnin koma reglulega að mati á leikskólastarfi.
- Leitað er leiða til að fá fram raddir barna sem enn hafa ekki öðlast næga færni í tungumálinu.
- Fjölbreyttar leiðir eru farnar til að fá fram sjónarmið barna.
- Jafnrétti og jöfn hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfi á deildum.
- Í samvinnu við börnin er leitast við að taka þátt í samfélagsverkefnum, s.s. umhverfisvernd og góðgerðarstarfsemi.
- Börnin hafa val um viðfangsefni í skipulögðum stundum og frjálsum leik.
- Börnin hafa val um fjölbreytt viðfangsefni.
- Viðfangsefni höfða til margvíslegra áhugasviða barna.
- Komið er til móts við börnin þegar þau langar að skipta um viðfangsefni.
- Sjálfsprottnum leik og athöfnum barna er gefið nægjanlegt svigrúm.

Námssvið leikskólans

- Námsumhverfi styður við máltöku og málþroska barna, s.s. samskipti, verkefni og efniviður.
- Unnið er með frásagnir, sögur, söng, ljód og ævintýri.
- Ritmál er sýnilegt innan leikskólans.
- Unnið er markvisst að eflingu læsis í viðum skilningi og það endurspeglast bæði í námskrá, áætlun um læsi og í starfi (s.s. læsi á umhverfi, tækni, samskipti, menningu, tákn, myndmál, ritmál

og tölur).

- Unnið er markvisst að því að efla samskipti barna og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi.
- Unnið er markvisst að því að efla heilbrigði og vellíðan og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi (s.s. með útiveru, fjölbreyttri hreyfingu, hollri næringu, jákvæðum samskiptum og félagslegum tengslum).
- Unnið er markvisst að uppeldi til sjálfbærni og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi (s.s. þátttaka í samfélagsverkefnum, góðgerðarstarfsemi, umhverfisvernd og útinám).
- Unnið er markvisst að sköpun í leikskólanum og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi.
- Í sköpun er áhersla lögð á ferlið fremur en afurðina.

Leikskóli án aðgreiningar / leikskóli margbreytileikans

- Umhverfið er aðlagð til að mæta þörfum allra barna.
- Lögð er áhersla á að íhlutun fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.
- Öll börn eiga sýnilega hlutdeild í barnahópnum.
- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir börn sem þurfa sérstakan stuðning.
- Einstaklingsnámskrár eru endurskoðaðar reglulega.
- Foreldrar koma að gerð og endurmati á einstaklingsnámskrá barnsins.
- Starfsfólk sækir námskeið til að auka fagþekkingu sína á þroskafrávikum og sérúrræðum barna á leikskólanum.
- Allt starfsfólk er upplýst um sérþarfir barna sem dvelja í leikskólanum.
- Farið er eftir ákveðnu ferli ef grunur vaknar um frávik hjá barni.
- Teymi er myndað um börn með alvarleg frávik.
- Stöðufundir sérfræðinga, stuðningsaðila og foreldra eru haldnir reglulega.
- Verkerlar vegna sérfræðipjónustu eru skýrir og aðgengilegir bæði starfsfólki og foreldrum.
- Samstarf og samvinna er við sérfræðinga/sérfræðipjónustu utan leikskólans.
- Mati, úrræðum og verkefnum er fylgt eftir með skipulögðum hætti.
- Upplýsingum um börn með sérþarfir er skilað til grunnskóla með skipulögðum hætti.
- Leikskólinn nýtir sér ráðgjöf og stuðning frá þjónustumiðstöð hverfis.

Mat á námi og velferð barna

- Áætlun er til um mat á námi og velferð barna.
- Reglulegar skráningar eru gerðar á framförum allra barna.
- Viðurkenndar matsaðferðir og skimanir eru notaðar þegar við á.
- Mat á hæfni, námi og velferð barna tekur til margra þátta (s.s. alhliða þroska, sjálfstæðis, áhugasviðs, þátttöku í leik úti og inni, félagsfærni og samkenndar, frumkvæðis og sköpunarkrafts, tjáningar og samskipta).
- Fjölbreytt gögn eru lögð til grundvallar mati á námi og stöðu barna (s.s. ferilmöppur, skimanir, athuganir, upplýsingar frá foreldrum, daglegar skráningar og viðtöl við barnið).
- Mat á námi og stöðu barna byggist á samvinnu leikskóla og foreldra.
- Aðferðir sem notaðar eru til að meta nám og stöðu barna eru endurmetnar reglulega.
- Foreldrar eru reglulega upplýstir um niðurstöður mats á námi og stöðu barns þeirra.
- Börn taka þátt í að meta nám sitt.
- Skráningar eru varðveittar með skipulögðum hætti
- Starfsfólk hefur svigrúm til að sinna skráningu og mati.

Tækifæri til umbóta

Skipulag náms og námsaðstæður

- Skipulag húsnæðis gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna (sbr. gátlisti um skipulag húsnæðis og leik- og námsefni): Nýr leikskóli á hönnunarstigi. Vantar hreyfirými. Vantar meira rými. Ekkert sem starfsfólk telur þörf á að gera í núverandi húsnæðis. Það sem við erum að merkja við sem ábótavant má tengja við húsnæði sem er ófullnægjandi fyrir það starf sem við vinnum og bindum við miklar vonir fyrir nýjum leikskóla á næstu árum.
- Skipulag húsnæðis ber þess merki að unnið er að góðri hljóðvist: er orðið betra, með nýjum mottum og húsgögnum. Fá eyra. Það sem við erum að merkja við sem ábótavant má tengja við húsnæði sem er ófullnægjandi fyrir það starf sem við vinnum og bindum við miklar vonir fyrir nýjum leikskóla á næstu árum.
- Rými er til að veita sérfræðipjónustu: Æskilegt ef rými sérfræðipjónustu sé eingöngu undir það starf. Verið er að taka sér herbergi inná deildinni fyrir sérkennslu. Það sem við erum að merkja við sem ábótavant má tengja við húsnæði sem er ófullnægjandi fyrir það starf sem við vinnum og bindum við miklar vonir fyrir nýjum leikskóla á næstu árum.
- Vinnuaðstaða fyrir starfsfólk er góð, s.s. til undirbúnings, samráðs, funda og sérkennslu (sbr. gátlisti um skipulag húsnæðis og leik- og námsefni). Það sem við erum að merkja við sem ábótavant má tengja við

húsnæðis sem er ófullnægjandi fyrir það starf sem við vinnum og bindum við miklar vonir fyrir nýjum leikskóla á næstu árum.

Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

• Ein hugmynd um umbætur vegna þess að veita börnunum frekari tækifæri til að hafa áhrif á skipulagt starf er að taka upp einn dag í mánuði þar sem börnin mega koma að skipulagi dagsins. Við myndum setjast niður með hópnum og skrifa niður þær hugmyndir sem þau hafa og sjáum hvað yrði hægt að framkvæma.

Námssvið leikskólans

• Mætti fjárfesta í meira námsefni og efnivið til að efla vísindi enn frekar.

Námsárangur barna

Hvaða matstæki voru nýtt til að meta árangur nemenda

Foreldravíðtöl gengu heilt yfir mjög vel og var mikil ánægju með starfið og starfsfólkið. Starfsfólk upplifir að foreldrar leiti strax til sín ef eitthvað kemur upp á eða betur mætti fara.

Niðurstöður

Styrkleikar

Eftirfarandi eru jákvæðar athugasemdir sem komu frá foreldrum:

- „Halðið áfram að hjálpa okkur við að efla hana og undirbúa fyrir næsta skólastig“.
- „Það er allt uppá 10“.
- „Við erum mjög ánægð með allt“.
- „Halðið áfram ykkar frábæra starfi, við erum mjög ánægð“.
- „Takk fyrir allt sem þið gerið fyrir okkur“.
- „Okkur finnst ganga rosalega vel og hann er ánægður sem skiptir mestu máli“.
- „Við erum mjög glöð með samskipti milli skóla og heimilis“.
- „Hann elskar tónlistartímana“.
- „Erum mjög ánægð með snemmtæka íhlutun og þá vinnu sem sérkennarar eru að vinna“.
- „Viljum bara halda áfram þessu frábæra samstarfi og það er greinilegt að hér er unnið af miklum metnaði“.
- „Ég vil sérstaklega hrósa fyrir hvað er tekið vel á móti börnunum á morgnanna“.
- „Viljum hafa starfið ykkar bara nákvæmlega eins og það er, erum virkilega ánægð“.
- „Erum svo ánægð hvað það er mikil útivera, alveg æðislegt“.
- „Erum himinlifandi með allt í leikskólanum og starfsfólkið. Hér er greinilega talað mikið við börnin“.
- "erum ánægð með allt, sérkennslan góð og vel haldið utan um okkur"
- "erum svo ánægð með Skýjaborg, gaman hvað hann kann og syngur orðið mörg lög"
- "þið eruð æðislegar, finnst ég fá svo mikinn stuðning í uppeldinu"
- "við erum búin að vera svo hamingjusöm í Skýjaborg"
- "erum mjög ánægð með allt"
- "gaman hvað hann fer glaður í leikskólann og segir frá hvað hann sé að gera í leikskólanum"
- "við erum svo ánægð með allt á Dropanum og þið allar svo góðar"
- "við erum hamingjusöm með allt og treystum ykkur svo vel. Það gleymist einstaka sinnum að setja inn matarskráningar"
- "æðislegur leikskóli"
- "gott upplýsingaflæði"

Tækifæri til umbóta

Eftirfarandi tækifæri til umbóta komu fram í viðtölunum og var strax tekið á því og því ekki þörf að setja í umbótaáætlun.

- „Henni finnst stundum starfsfólk ýta of mikið á hana í matartímum“. Barnið hefur ekki viljað smakka nýjan mat. Ákveðið að bjóða öllum að smakka eins og vani hefur verið en ábendingin tekin til greina.
- „Barnið er byrjað að æfa sig að skeina sjálft heima, vill æfa sig fyrir Heiðarskóla. Er það möguleiki líka í leikskólanum“. Rætt á deildarfundi, starfsfólk tekur vel í þetta þegar kemur að elstu börnunum á deildinni en mun halda áfram að bjóða aðstoð meðan verið er að ná tökum á þessu.
- „Passa tóninn“. Rætt á deildarfundi, mikið af starfsfólki deildarinnar liggur hátt rómur og var þessi ábending tekin til greina.
- Gæta þess að vettlingarnir séu undir gallanum, rennt upp í háls. Framfylgt strax.
- Minna hver aðra á matarskráningar, spurning að gera einhverja eina ábyrga fyrir matarskráningum? Rætt á deildarfundi og framfylgt.

Viðhorf og líðan barna

Stuttur texti um hvaða þættir voru metnir

Broskarlamat var lagt fyrir tvo elstu árgangana í leikskólanum í janúar 2025 eða 13 börn í heildina. Markmið með matinu er að kanna líðan barna á miðjum vetri með því að gefa þeim tækifæri til að koma skoðunum sínum á starfi leikskólans á framfæri.

Niðurstöður eru skoðaðar út frá hverjum einstaklingi, en einnig er heildarniðurstaða hópsins tekin saman og eru niðurstöður hér fyrir neðan út frá hópnum. Ef fleiri 30% barna velja fýlukall í einhverjum aðstæðum er sá þáttur skoðaður með tilliti til breytinga til að bæta líðan barna.

Niðurstöður

Styrkleikar

Langflestum börnunum líður vel í leikskólanum. Börnunum líður almennt vel í vinastundum, hópastarfi, útiveru, frjálsum leik og söngstundum. Öllum börnunum líður vel í skólaheimsóknum í Heiðarskóla. Langflestum börnunum finnst morgunmaturinn góður og öllum finnst hádegismaturinn og nónhressingin góð. Öll börnin eiga vin á deildinni og flestum finnst gaman í deildarugli.

Tækifæri til umbóta

Færri en 30% barna velja fýlukall í öllum aðstæðum og því ekki þörf á breytingum, en skoða mætti líðan hjá einstökum börnum í þeim stundum sem þeim líður ekki vel í. Farið var með niðurstöður inn á deildarfund og starfsfólk vann úr þeim.

Viðhorf og líðan starfsfólks

Stuttur texti um starfsmannakönnunina og hvaða þættir voru metnir

Ekki var lögð fyrir starfsmannakönnun á þessu skólaári.

Niðurstöður

Styrkleikar

Á ekki við.

Tækifæri til umbóta

Á ekki við.

Viðhorf foreldra

Stuttur texti um foreldrakönnunina og hvaða þættir voru metnir

Ekki var lögð fyrir foreldrakönnun á þessu skólaári.

Niðurstöður

Styrkleikar

Á ekki við.

Tækifæri til umbóta

Á ekki við.

Menntastefna og stefna leikskólans

Stuttur texti um hvaða þættir voru metnir

Skýjaborg vinnur markvisst að innleiðingu Menntastefnu Hvalfjarðarsveitar með skýrum markmiðum, aðgerðum og mati á lykilsviðum skólastarfsins. Áherslan er á þátttöku og virkni, heilbrigði og velferð, jöfn tækifæri og umhverfisvitund.

Innleiðingin byggir á stöðugu sjálfsmati, matskvarða (grænt-gult-rautt) og verkefnaskráum með skýrum tímarömmum. Flest verkefni eru viðvarandi eða með markvissum lokatímamörkum á árunum 2025–2027.

Skólanámskrá Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar hefur verið í yfirgripsmiklum yfirlestri á síðustu tveimur skólaárum. Verið er að leggja lokahönd á það og stefnum við að gefa út uppfærða skólanámskrá á næsta skólaári.

Niðurstöður

Styrkleikar

Á ekki við.

Tækifæri til umbóta

Á ekki við.

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun leikskólans

Liður í innra mati er að framfylgja umbótaáætlun. Hér fyrir neðan má sjá **mat** á umbótaáætlun Skýjaborgar 2024-2025. Við umbótaáætlun Skýjaborgar 2024-2025 hangir aðgerðaráætlun vegna Menntastefnu Hvalfjarðarsveitar og aðgerðaráætlun vegna áhættumats. Grænu liðirnir náðist að klára, appelsínugulir eru í

vinnslu og hvítu liðirnir náðist ekki að vinna (eða vinna ekki hafin vegna tímasetninga) og eru því á dagskrá á þessu skólaári.

Umbótaáætlun 2024-2025							
Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Tillögur skóla að umbótum	Ábyrgðaraðili	Hvenær hefst	Hvenær lokað	Hvernig metið	Mat
Starfsmenn	Skóða þróunaráætlun fyrir umbætur og virkni hennar þannig að starfsfólk sé vel upplýst um gang mála.	Gera þróunaráætlun fyrir umbætur og viðhald sýnilegri fyrir starfsfólk.	Leikskólastjóri	ágú.24	maí.25	Hvernig er þróunaráætlun fyrir umbætur og viðhald sett upp og aðgengi fyrir starfsfólk?	
Uppeldi og menntun	Leikskólastjóri fari oft inn á deild. Tengist börnum og starfsfólki.	Leikskólastjóri fer minna á þá deild sem hann á barn á (viljandi vegna barnsins). Leikskólastjóri skoði leðir / gerir áætlun að fara vikulega inn á deildir á mismunandi tímum dags.	Leikskólastjóri	ágú.24	jan.25	Hefur leikskólastjóri gert sér áætlun og fylgt eftir?	
Viðhald	Fylgja eftir að leiktæki verði tekin í gegn í sumar.	Fylgja eftir að leiktæki verði tekin í gegn í sumar.	Leikskólastjóri	jún.24	sep.24	Lokið?	Lokið sumar 2024.
Námsumhverfi	Skóða kaup á fleiri hljóðfærum.	Kaupna í haust, ef til fjárhagsáætlun. Setja inn í fjárhagsáætlun fyrir 2025 og kaupa í janúar.	Leikskólastjóri	sep.24	feb.25	Þúið að kaupa fleiri hljóðfær?	Keypt haust 2024.
Námsumhverfi	Skóða kaup á skólrúmum.	Setja inn í fjárhagsáætlun fyrir 2025 og kaupa í vorönn.	Leikskólastjóri	okt.24	mar.25	Þúið að kaupa skólrúm?	Fengum skólrúm í Heiðarskóla sem hafa nýgt vel.
Foreldrar	Taka fleiri myndir á Dropanum.	Keyptur var myndavélasími vor 2024 inn á Dropa sem gefur aukin og betri tækifæri fyrir myndtöku. Starfsfólk ræði myndatökur og setji sér stefnu.	Deildarstjóri Dropans	ágú.24	des.24	Hefur starfsfólk tekið fyrir og myndað sér stefnu? Eru fleiri myndir teknar?	Ekki var sett stefna og teljum við ekki þörf á stefnu í þessum málum. Ábending strax tekin til greina og starfsfólk jók myndatökur eftir að myndavélasími var keyptur. Teknar eru mun fleiri myndir á þessu skólaári og allt í góðum málum.
Starfsfólk		Allir starfsmenn hvetji samstarfsmenn sína í vinnu / séu góðir vinnufélagar. Að stjórnendur gefi starfsfólki endurgjöf í starfi í starfsmannasamtölum og á öðrum tímum ef það hentar.	Leikskólastjóri og deildarstjórar		maí.24	maí.26	Niðurstöður næstu starfsmannakönnunar skoðaðar.
Uppeldi og menntun	Endurgjöf og hvatning í starfi.						Fer í Umbótaáætlun 2025-2026.
	Trú á eigin getu við umönnun barna	Skóða og ræða upplifanir og tilfinningar barna í starfsmannahópnum til að auka skóling.	Leikskólastjóri og deildarstjórar	ágú.24	des.24	Var tekin umræða?	A októfundir var rætt hvernig tækjum erfiða hegðun, þar komu tilfinningar sterkt fram. Virk hlustun, jákvætt viðmót, hrósa fyrir samvinna og jákvæða hegðun, hafa einfaldar og hnitmiðaðar útskýringar og einfalda baráttumál. Tökum stutt andurumt á þessu á skólagæðgi í febrúar.
Frá síðasta ári sem ekki náðist að vinna.							
Starfsmenn	Bæta mætti miðlun upplýsinga til foreldra um markmið og námskrá leikskólans.	Eftir yfirlið á námskrá: Upplýsa foreldra vel. Ávallt er farið yfir markmið að hausti á kynningarfundum sem deildarstjórar halda.	Leikskólastjóri	Septemba r. 2023	jan.25	Komin uppfærð stefna í skólanámskrá? Foreldrar upplýstir? Hvernig?	Verður gert haust 2025 eftir útgáfu skólanámskrár.
Uppeldi og menntun	Bæta stefnu leikskólans og gera hana sýnilegri starfsfólki.	Fara yfir og uppfæra stefnu leikskólans inn í skólanámskrá.	Leikskólastjóri	Ágúst 2023	jan.25	Stefna klár. Á eftir að uppfæra skólanámskrá.	Verður gert haust 2025 eftir útgáfu skólanámskrár.
	Elfa skráningar á námi barna.	Setja okkur verklagsreglur í kringum skráningar á námi barna og byrja að vinna eftir þeim.	Deildarstjóri og deildarstjórar	Ágúst 2023	mar.25	Eru komnar verklagsreglur?	Í ferli.
Viðhald	Setja klemmuvörn á listasmíðu Dropa.	Setja klemmuvörn á listasmíðu Dropa.	Leikskólastjóri	Ágúst 2023	ágú.24	Komin klemmuvörn?	Ágúst 2025: Þúið er að panta klemmuvörn, ekki komnar upp.
Námsumhverfi	Þjóða upp á öflugt útinám í fjölbreyttu umhverfi	Vinna hafin, ekki lokið. Skóða samhliða yfirlesturs og uppfærsla á deildarnámskrárum 2024. Starfsfólk deilda setji sér markmið um útinám út fyrir skólalöðina, skriflega, s.s. í fundargerð deilda.	Deildarstjórar	ágú.24	maí.25	Hver eru markmið deildanna með útinámi skólansín 2024-2025? Hvernig gekk að framfylgja markmiðunum?	Í ferli.
Aðgerðaráætlun vegna Menntastefnu Hvalfjarðarsveitar							
Matsþáttur	Markmið	Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Hvenær hefst	Hvenær lokað	Hvernig metið?	
Uppeldi og menntun	Bæta okkur í skráningum í tengslum við sjálfsstyrkingu, seiglu, hugrekki og sjálfsmynd.	Skilgreina hvað einkennir hvern þátt fyrir sig og hvernig hver þáttur er metin í framhaldi s.s. með skráningu í daglegu starfi eða á annan hátt, eftir skilgreiningunni.	Leikskólastjóri	sep.24	feb.25	Er komin skilgreining hvað einkennir hvern þátt fyrir sig? Höfum við sett okkur niður hvernig hver þáttur er metin?	Náðist ekki. Fara yfir á næsta skólaár.
	Taka þátt í innleiðingu barnasáttmálans í sveitarfélagið	Vera í góðu samstarfi við frístundafulltrúa og taka þátt í innleiðingu barnasáttmálans í sveitarfélagið gegnum verkefnið Barnvænt sveitarfélag.	Leikskólastjóri	Haust 2023		Er Hvalfjarðarsveit orðið Barnvænt sveitarfélag?	Í góðu ferli. Áframhaldandi vinna.
Námsumhverfi	Aðstaða til útináms verði viðhaldið og hún bætt.	Halda áfram uppbyggingu útielðhúss: Bæta aðengi barna að vatni við útielðhús. Halda áfram að safna efnivið til leiks við útielðhús. Fá kassa undir efniviðinn.	Deildarstjórar	Haust 2023	maí.25	Er betra aðengi að vatni? Er komið nægilegt magn af efnivið og kassi undir hann?	Komin slanga með byssu framan á.
		Ræða við sveitarstjórn varðandi göngustígað og undirgöng frá Melahverfi í Álfholtsskóg.	Leikskólastjóri í samstarfi við fræðslunefnd og verkefnastjóra framkvæmda og eigna.	Haust 2024	ágúst 2026	Hvaða samtal átti sér stað? Hvað var ákeðið? Hvað hefur verið gert?	
		Skóða vilja starfsfólks í útinámsvinnu og vilja sveitarfélagsins til að byggja upp útielðstöðu nær en í Álfholtsskógi. Hafa eftirfarandi spurningar að leiðarljósi til starfsmanna: Hvernig útielðstöðu? Bamba-gróðurhús? Kartöflu- eða grænmetisgarða? Drullumáli? Skógur? Annað?	Deildarstjórar / leikskólastjóri	Haust 2024	Ágúst 2026	Hvernig útinámsaðstaða vill starfsfólk? Samtal við sveitarstjórn? Framhald?	
Vinnustaðurinn	Huga að vistspori leikskólans.	Vinna að þemana Neysla og úrgangur í tengslum við grænfinann næstu tvö ár.	Leikskólastjóri og verkefnastjóri grænfinans	Haust 2023	maí 2025	Ef þörf er á að skilgreina betur vistspori leikskólans þá: Voru markmið og leðir settar fram? Skýrsla grænfinans maí 2025 varðandi þemnað Neysla og úrgangur.	Ummið vel. Sjú Grænfinanskýrsla Skýjaborgar 2025.
		Rýnt í skráningar á deildum og/eða í kringum einstaka barn; hvað er gert í lífseigni og þjálfun í góðum samskiptum? Setjum okkur viðmið, hvernig niðurstöðu viljum við sjá?	Deildarstjórar	janúar 2024	maí.26	Hvaða skráningar fara fram í tengslum við lífseigni og þjálfun í góðum samskiptum? Viðmið? Niðurstöðu?	Náðist ekki. Fara yfir á næsta skólaár.
Foreldrar	Heyra raddir foreldra hvort þeir séu sammála starfsfólki að starfrækt sé virkt skólaár og foreldrafélag.	Leggja fyrir aukaspurningu í skólalúpsinn foreldrakönnun eða spyrja foreldra með öðrum leiðum, raddir þeirra um virkni skólaár og foreldrafélags og hvort gera megi betur, hvað þá.	Leikskólastjóri í samvinnu við skólalúpsinn, fræðslunefnd og fræðslufulltrúa / sá sem kemur að skólalúpsinum.	janúar 2024	maí.25	Voru foreldrar / fulltrúar spurdir með einhverjum hætti?	Ekki skólalúpsinn þetta vorið. Setja inn vor 2026.
Aðgerðaráætlun vegna áhættumats sem framkvæmt var vor 2024							
Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Lausn - aðgerð / úrbætur	Ábyrgðaraðili	Hvenær hefst	Útbótum lokað fyrir	Hvernig metið?	
Áhættumat	Hákkuvarnir á skólalöð, innganga og neyðarútganga	Í upphafi dags: Annað hvort 7:30 eða 7:45 starfsmaður verði ábyrgðaraðili að því að salta að inngöngum og gangstétt fyrir framan bílastæði. Skólalöð: Fyrsti starfsmaður út á hvori deild fyrir sig, fer yfir skólalöðina, saltar ef þarf. Fer út kl. 9:00 eftir morgunmatinn.	leikskólastjóri / Deildarstjórar	sep.24	okt.24	Eru umbætur komnar í ferli?	Farið yfir á deildarstjórafundi í jan. Ákveðið: Í upphafi dags: Annað hvort 7:30 eða 7:45 starfsmaður verði ábyrgðaraðili að því að salta að inngöngum og gangstétt fyrir framan bílastæði. Baðir starfsmenn taka þetta saman að sér að muna. Skólalöð: Fyrsti starfsmaður út á hvori deild fyrir sig, fer yfir skólalöðina, saltar ef þarf. Fer út kl. 9:00 eftir morgunmatinn.

		Það er til viðbragðsáætlun, til útskýringar: Það er til óveðursáætlun: https://skoli.hvalfjardarsvett.is/static/files/o-vedurs-aetlun-leik-og-grunnsko-la-hvalfjardarsvettar-upplfaerd-1.3.2023.pdf . Henni er fylgt eftir. Sjáðnast er mikill vindstyrkur eða hættuástand við leikskólann. Starfsfólk verður sjálft að taka ákvarðun hvort það treystir sér til að keyra til vinnu ef vegir eru opnir. Ákvarðun frá stjórnsýslu farið yfir með starfsfólki í okt. 2023, setja inn í Starfsmannahandbókina: Starfsfólk fær greitt fyrir óveðursdaga þegar það kemst ekki til vinnu og vegir eru lokaðir.				
Áhættumat	Stjórndur fylgist með veðri við skólann og láta starfsfólk vita ef hættuástand varir t.d. Hvað varðar vindstyrk.	Leikskólastjóri	jún.24	ágú.24	Eru umbætur komnar inn í starfsmannahandbók?	Já umbætur fóru inn í starfsmannahandbók haust 2024.
Áhættumat	Örugur fótabúnaður fyrir starfsmenn í útgæslu	Leikskólastjóri		okt.24	Er fótabúnaður aðgengilegur?	Fótabúnaður keyptur í febrúar 2025.
Áhættumat	Eldhús skal vera lokað milli matmálstíma	Deildarstjóri, matráður		maí.24	Er starfsfólk hætt að ganga í gegnum eldhús?	Farið yfir í maí 2024. Minnt á í febrúar 2025. Eitthvað sem þarf að minna regulega á.
Áhættumat	Geymslur fyrir hreinsiefni skulu ávallt vera læstar. Efni eiga að vera í upprunalegum eða vel merktum umbúðum. Öryggisskjal hangir uppi í ræstingar geymslu.	Tandur komi inn með upplýsingar varðandi merkingar á lötum og öryggisskjal fyrir ræstingargeymslu.	Leikskólastjóri /matráður	sep.24	Hefur Tandur komið og merkt löt og er komið upp öryggisskjal fyrir ræstingargeymslu?	Í ferli. Verður komið upp 1.10.2025.
Áhættumat	Viðbragðsáætlun vegna barnafjölda skal vera virk í Skýjaþorg.	Endurskoða viðbragðsáætlun.	Leikskólastjóri	nóv.24	Er búið að endurskoða viðbragðsáætlun?	Viðbragðsáætlun var lesin yfir af leikskólastjóra og deildarstjórum við endurskoðun verklagsreglna um leikskóla Hvalfjarðarsvettar. Gerðum engar breytingar á viðbragðsáætluninni. Meðvitað að passa upp á að hafa viðbragðsáætlunina virka. Það sem mestu skiptir er að leikskólastjóri og deildarstjórar taki daginn að morgni ef vantar starfsfólk. <i>Hvernig klárum við daginn?</i> Það hefur gefist vel og allt starfsfólk meðvitað að morgni hvernig dagurinn fer.
Áhættumat	Öryggi skal tryggt á skólalóðum	Í ferli er að lagfæra illa farin leiktæki í sumar. Lóðin fyrir 1-3 börnin var hönnuð fyrir þennan aldursþóp en hentar illa. Þóssum okkur við hönnuð nýs leikskóla að velja heppilegni leiktæki fyrir lóð 1-3 ára barna.	Hlynur / Eyrún	ágú.24	Hefur Regnbogalóðin verið lagfærð?	Já Regnbogalóðin var öll lagfærð sumar 2024.
Áhættumat	Aðkoma að stofnunum skal ávallt vera þannig að ekki skapist hætta fyrir starfsmenn, gesti og gengandi.	Sjá löt fyrir ofan varðandi hálkuvarnir. Snjómokstur: Að ekki verði myndaður hár skafi við leikskólann sem hindrar sýn.	Leikskólastjóri	okt.24	Lokið?	Sjá löt fyrir ofan varðandi hálkuvarnir. Þóssum upp á að biðja um að fjarlægja skafi við leikskólann ef hann verður of há og hindrar sýn.

Áhættumat	Skrásetti verði slys og næstum slys	Það er til eyðublað fyrir næstum slys. Upplýsingar um eyðublaðið er í starfsmannahandbók. Starfsfólk hefur alltaf aðgang að henni og fær sent 1x ári að hausti. Eyðublaðið má finna á Teams. Upplýsla starfsfólka haustin.	Leikskólastjóri	okt.24	Hefur starfsfólk verið upplýst?	Gleymdist að upplýsa í haust. Setti í fundargerð og allt starfsfólk upplýst feb 2025.
Áhættumat	Hættuleg efni og verkfæri skulu vera í læstum skápum. Efni eiga að vera í upprunalegum eða vel merktum umbúðum.	Passa að loka ávallt þvottahúsi með krækju. Setja miða / áminningu á hurð?	Gugga. Aðrir starfsmenn sem ganga um.	maí.24	Hefur áminning verið sett upp?	Já áminning sett strax upp í maí 2024.
Áhættumat	Þetta hjálpið skal alltaf vera sýnilegt (sjúkrakassi í áberandi lit)	Bæta við öðrum sjúkrakassa. Öryggishúsaðarmaður fer yfir sjúkrakassa 2x á ári, október og mars.	Leikskólastjóri og deildarstjóri	jún.24	Er kominn annar sjúkrakassi?	Ókúur færast ekki þótt á öðrum sjúkrakassa, en settum körfu inn í Drogarni með plástrum o.fl. Sem starfsfólk segir að dugi vel.
Áhættumat	Rýmingaræfingar skulu gerðar árlega að lágmarki og starfsmönnum kynnt notkun slökkvitækja.	Rýmingaræfingar 2x á ári. Fái kynningu hjá slökkvilið varðandi notkun slökkvitækja. Setja inn í áætlun á x fresti.	Leikskólastjóri	maí.25	Hefur starfsfólk fengið kynningu á notkun slökkvitækja?	Starfsfólk fékk kynningu á notkun slökkvitækja í október 2024. Setti inn í áætlun hjá skólastjóra í 3-4 ára fresti.
Áhættumat	Hætta notkun fjóltengja og allar rafmagnssnúru hengdar upp og frá-gengnar.	Ávallt taka hraðsuðukatta úr sambandi þegar ekki er verið að nota þá. Fjólteni litið lóð (eitt á Regnboganum, hættulausti).	Matráður	jún.24	Tekur matráður hraðsuðukatta úr sambandi?	Já matráður voru beðnir að taka hraðsuðukatta úr sambandi og sett áminning við kattana í júní 2024.
	Ábending	Öryggisnefnd hefur rætt þetta og vill kynna fyrir starfsfólki niðurstöður eftir að hafa fengið útbótaætlun til baka frá stjórndum. Hugmyndin er að stjórndur geti sýnt þeim þetta skjal með athugasendum og úrlausnum á starfsmannafundi	Leikskólastjóri	sept-okt	Hefur verið farið yfir niðurstöður áhættumats á starfsmannafundi?	Umbótaætlun var send öllu starfsfólki og starfsfólk hafði tækifæri til að ræða hana á skipulagsdegi í haust. Gleymdist að fara sérstaklega yfir. Farið á skipulagsdegi í febrúar 2025.
	Vinsamlegast takið mark á ábendingum starfsfólks og litið okkur vita með framhaldið	Skyndihjálpanámskeið er virkt í 2 ár. Biðja sérstaklega um áherslu á yngri börn t.d. vegna aðskotahruta / köfnun. Nýir starfsmenn sendir á skyndihjálpanámskeið ef möguleiki er og langt í næsta hjá okkur.	Leikskólastjóri	jan.25	Var farið sérstaklega yfir skyndihjálpu fyrir yngri og skyndihjálpanámskeiði í ágúst? Er möguleiki að senda nýja starfsmenn á námskeið?	Já það var beðið um að fara sérstaklega yfir yngri börn vegna aðskotahruta / köfnun. Nýir starfsmenn hafa eru spurðir um skyndihjálpanámskeið, sett inn í Starfsmannahandbók sumar 2025 til áminningar inn í Samtal leikskólastjóra við nýjan starfsmann í uppahfi.

Hér fyrir neðan má svo sjá umbótaáætlun fyrir næsta skólaár 2025-2026 sem sett hefur verið upp út frá niðurstöðum hér að framan.

Aðgerðir og umbótaskref



Svið - Leikskóli

Umbótapáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Umbótaskref	Lokið	Ábyrgð	Staða
2.1 Skipulag náms og námsaðstæður Deild Leikskóli Ábyrgð Eyrún Jóna Reynisdóttir	Góð vinnuáætlað fyrir starfsfólk, s.s. til undirbúnings, samráðs, funds og sérkennslu (sbr. gæðlisti um skipulag húsnæðis og leik- og námsefni).	Undirbúningsherbergi alltof lítið (samræmist ekki lögum um stærð skrifstofu), engin fundaraðstaða í leikskólann en höfum aðgengi að viðtalsherbergi í stjórnsýsluhúsi sem hefur reynst vel fyrir foreldravæðil, engin sérkennsluáætlað. Lagfært með byggingu nýs leikskóla.		01/05/2026	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Í vinnslu
	Rými til að veita sérfræðibjónustu.	Verið er að taka herbergi / leikrými inn á deildinni fyrir sérkennslu. Tekur leikrými af deildinni sem er samt reiknað inn sem leikrými. Lagfært með byggingu nýs leikskóla.		01/05/2026	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Í vinnslu
	Skipulag húsnæðis ber þess merki að unnið er að góðri hjóðvist.	Höfum unnið í þessu, bætt við nýjum mottum og húsgögnum. Starfsfólk óskar eftir að fá eyra. Fylgja eftir byggingu nýs leikskóla.		01/05/2026	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Í vinnslu
	Skipulag húsnæðis geri ráð fyrir öllum viðfangsefnum barna (sbr. gæðlisti um skipulag húsnæðis og leik- og námsefni).	Vantar hreyfirými og sérkennslurými, sem og betri aðstöðu fyrir starfsfólk: undirbúningsrými, mótuneyti, þvottahús o.fl. Búið að skoða þessa þætti vel síðustu ár og verður lagfært með byggingu nýs leikskóla.		01/05/2026	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Í vinnslu

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Umbótaskref	Lokið	Ábyrgð	Staða
2.3. Leikur og nám - lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna Deild Leikskóli Ábyrgð Eyrún Jóna Reynisdóttir	Að veita börnunum frekari tækifæri til að hafa áhrif á skipulagt starf.	Að taka upp einn dag í mánuði þar sem börnin mega koma að skipulagi dagsins. Við setjumst niður með höpunum og skrifum niður þær hugmyndir sem þau hafa og sjáum hvað hægt er að framkvæma.		29/05/2026	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Í vinnslu
2.4 Námssvið leikskólans Deild Leikskóli Ábyrgð Eyrún Jóna Reynisdóttir	Unnið sé markvisst að eflingu vísinda meðal barna.	Fjárfesta í meira námsefni og efnivið til að efla vísindi enn frekar.		31/05/2026	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Í vinnslu
Aðgerðaráætlun vegna Menntastefnu Hvalfjarðarsvætar Deild Leikskóli Ábyrgð Eyrún Jóna Reynisdóttir	Bæta okkur í skráningum í tengslum við sjálfsstyrkingu, seiglu, hugrekki og sjálfsmynd.	Skilgreina hvað einkennir hvern þátt fyrir sig og hvernig hver þáttur er metin í framhaldi s.s. með skráningu í daglegu starfi eða á annan hátt, eftir skilgreiningunni.		01/04/2026	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Í vinnslu
Frá síðasta ári sem ekki náðist að vinna Deild Leikskóli Ábyrgð Eyrún Jóna Reynisdóttir	Leikskólastjóri fari oftar inn á deild. Tengist börnum og starfsfólki.	Leikskólastjóri fer minna á þá deild sem hann á barn á (viljandi vegna barnsins). Leikskólastjóri skoði lesir / gerir áætlun að fara vikulega inn á deildir á mismunandi tímum dags.		01/11/2025	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Í vinnslu
	Skoða þróunaráætlun fyrir umbætur og virkni hennar þannig að starfsfólk sé vel upplýst um gang mála.	Gera þróunaráætlun fyrir umbætur og viðhald sýnilegri fyrir starfsfólk.		01/01/2026	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Í vinnslu

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Umbótaskref	Lokið	Ábyrgð	Staða
	Endurgjöf og hvatning í starfi.	Allir starfsmenn hvetji samstarfsmenn sína í vinnu / séu góðir vinnufélagar. Að stjórnendur gefi starfsfólki endurgjöf í starfi í starfmannasamtölum og á öðrum tímum ef það hentar.		01/06/2026	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Í vinnslu